

Ár 2015, miðvikudaginn 29. apríl, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Óskari Bergssyni.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs**

#### **I.**

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða framkvæmdastjóranum laun.

#### **II.**

Kjararáði barst bréf dagsett 16. janúar 2015 frá stjórn Úrvinnslusjóðs. Með bréfinu er óskað eftir endurskoðun launakjara framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs vegna aukinna verkefna í kjölfar breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002. Í bréfinu er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem Úrvinnslusjóður hafi sinnt á undanförunum árum í samræmi við lög um úrvinnslugjald nr. 162/2002. Með breytingu á lögnum hafi stýrinefnd um raf- og rafeindatækjaúrgang verið lögð niður og verkefni hennar færð til Úrvinnslusjóðs. Fyrir lagabreytinguna hafi stjórn Úrvinnslusjóðs farið með hlutverk stýrinefndar og framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs tekið að sér að vera framkvæmdastjóri hennar og fengið greitt sérstaklega fyrir.

Með bréfum dagsettum 2. febrúar 2015 var umhverfis- og auðlindaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í bréfi framkvæmdastjórans dagsettu 16. febrúar 2015 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf formanns stjórnar Úrvinnslusjóðs.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 17. febrúar 2015. Í bréfinu segir að í kjölfar ákvörðunar Alþingis um að leggja niður stýrinefnd um raf- og rafeindatækjaúrgang með breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 hafi stýrinefnd verið lögð niður frá og með 1. janúar 2015. Starfsemi stýrinefndar hafi alfarið verið færð undir Úrvinnslusjóð. Fyrir breytingu hafi framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs verið framkvæmdastjóri nefndarinnar og fengið aukalega greitt fyrir það starf. Með því að leggja stýrinefnd niður og færa starfsemi hennar undir Úrvinnslusjóð hafi það orðið hluti af starfi hans sem framkvæmdastjóra sjóðsins sem áður var aukastarf og því hafi starf hans breyst að því leyti. Styður ráðuneytið ósk formanns stjórnar Úrvinnslusjóðs um að endurskoða þurfi laun framkvæmdastjóra sjóðsins í ljósi fyrrgreindra breytinga.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 24. febrúar 2015. Í bréfinu segir að svo sem fram komi í bréfi Úrvinnslusjóðs óski formaður stjórnar sjóðsins eftir endurskoðun á launakjörum í kjölfar breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör framkvæmdastjórans.

Með bréfi dagsettu 2. mars 2015 fékk framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs send bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Engar athugasemdir bárust.

### III.

Samkvæmt lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald með síðari breytingum er Úrvinnslusjóður stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra. Sjóðurinn fer með framkvæmd laganna og er ráðherra til ráðgjafar um mál þau sem undir lögin falla. Markmið laganna er skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar sex manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og annast hann daglegan rekstur sjóðsins og ber ábyrgð á fjárreiðum hans og reikningshaldi gagnvart stjórn. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Stjórn sjóðsins hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lögin og reglugerðir settar samkvæmt þeim og er umhverfis- og auðlindaráðherra til ráðgjafar við framkvæmd þeirra.

Meginhlutverk Úrvinnslusjóðs er að sjá um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Skal sjóðurinn með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs. Gert er ráð fyrir að Úrvinnslusjóður semji við aðra aðila um framkvæmdina á sjálfri úrvinnslunni á grundvelli útboða eða verksamninga eftir því sem við á. Samkvæmt lögnum skal leggja úrvinnslugjald á vörur, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögnum, til að stuðla að úrvinnslu úrgangs og skal það meðal annars standa undir kostnaði við meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutninga hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar. Þá skal gjaldið standa undir kostnaði við endurnýtingu úrgangsins og förgun hans eftir því sem við á.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs en kjaranefnd ákvað honum laun 20. janúar 2006. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs. Hér að framan er greint frá breytingum á starfsemi Úrvinnslusjóðs. Með vísan til þessa hefur kjararáð ákveðið að fjölga mánaðarlegum einingum framkvæmdastjórans, þó þannig að gætt sé að því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

**Ákvörðunarorð**

Frá og með 1. janúar 2015 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 133, nú 739.553 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 7.153 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs gilda reglur kjararáðs frá 30. júní 2014.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Óskar Bergsson